



**Samtakahópurinn, fundur haldinn 18.03.2024 kl. 13:00 í  
Ráðhúsi Reykjanesbæjar Tjarnargötu 12**

**Mætt: Hafþór Barði Birgisson, Sigrún Guðbjörg Magnúsdóttir, Svava Ósk Stefánsdóttir, Kristján Freyr Geirsson, Guðrún María Þorgeirsdóttir, Elín Rafnsdóttir, Heiða Ingimundardóttir, María Guðmunda Pálsdóttir, Elín Ingibjörg Kristófersdóttir, Ólafur Bergur Ólafsson, Sólborg Guðbrandsdóttir og Gunnhildur Gunnarsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerðina.**

\*\*\*

***Fundargerð***

**Rannsóknir og greining – Lykiltölur í lífi barna**

- Nýjar niðurstöður voru kynntar á síðasta Samtakafundi.
- Allir skólar ættu að vera búnir að fá niðurstöður fyrir sinn skóla.
- Fjörheimar félagsmiðstöð og FFGÍR hafa boðað til foreldrafundar mánudaginn 25. mars þar sem Margrét Lilja frá Rannsóknum og greiningu mun koma og kynna niðurstöður fyrir foreldrum. Í kjölfar fundarins verður boðað til vinnufundar þar sem foreldrar verða hvattir til að ígrunda Íslenska forvarnarmódelið og taka höndum saman í forvörnum fyrir ungmenni bæjarins.

**Niðurstöður frá Barna- og ungmennapingi**

- Ungmennaráð í samstarfi við Fjörheima félagsmiðstöð héldu barna- og ungmennaping 19. október sl. í Hljómahöll en þetta var í annað skiptið sem slíkt þing er haldið í sveitarfélaginu.

Alls sóttu um 170 börn og ungmenni úr grunnskólum Reykjanesbæjar þingið en markmiðið var að veita þeim rödd innan stjórnsýslunnar. Málaflokkarnir sem teknir voru fyrir á þinginu voru eftirfarandi: Menntun, tómstundir og frítíminn, íþróttir, andleg líðan og lýðheilsa, skipulagsmál og samgöngur og menning.

Þátttakendum var skipt niður á sextán borð þar sem líflegar samræður mynduðust og ljóst er að ungmenni sveitarfélagsins eru uppfyll af hugmyndum og hafa áhuga á því að koma að borðinu og segja sína skoðun á þeim málum snerta þau.



Ólafur Bergur Ólafsson umsjónarmaður Ungmennaráðs Reykjanesbæjar kynnti niðurstöður þingsins á Samtakafundi. Í niðurstöðunum kom m.a. fram að ungmenni vildu fá meiri og markvissari fræðslu í skólanum. Þau óskuðu eftir því að geta fengið meira um það að segja hvaða fræðslu þau fá. Mikið var rætt um aukna fjármála- og kynfræðslu.

### Kynfræðsla, kynlíf, samskipti og mörk

- Sólborg Guðbrandsdóttir er brautryðjandi í baráttu mannréttinda og réttinda kvenna. Hún berst gegn skaðlegu feðraveldi og nauðgunarmenningu, hefur hvatt ungt fólk til að breyta rétt og veitt þeim innblástur.

Árið 2016 stofnaði Sólborg instagram reikninginn Fávitar en þar fræddi hún ungt fólk um kynlíf, samskipti og fordóma en aðgangurinn hætti göngu sinni árið 2020. Eftir að hafa byrjað að birta skjáskot og dónaleg skilaboð sem hún hafði fengið sjálf þá endaði það með því í að reikningurinn varð af því sem það er orðið í dag.

Í kjölfar reikningsins skrifaði hún og gaf út bækurnar Fávitar og Aðeins færri fávitar en þriðja bókin, Fávitar og fjölbreytileikinn kom út í nóvember 2022. Allar bækurnar eiga það sameiginlegt að vera fræðslubækur fyrir ungt fólk og fjalla um kynlíf, ofbeldi, samskipti, líkamann og fjölbreytileika.

Frá því Sólborg stofnaði reikninginn Fávitar hefur hún haldið fjölda fyrirlestra í grunnskólum og framhaldsskólum um land allt og frætt ungmenni um kynlíf, samskipti og mörk svo eitthvað sé nefnt.

Sólborg Guðbrandsdóttir kom inn á fund Samtakahópsins til þess að kynna áherslur fyrirlestranna. Einnig tók hún vel á móti spurningum og vangaveltum meðlima hópsins. Hugsanlega eru forvarnarfyrirlestrar Sólborgar eitthvað sem ungmenni á unglingastigi eru að óska eftir.

Sólborg er með fræðslu í kvöld mánudaginn 18. mars kl. 19:30 í Fjörheimum félagsmiðstöð, fyrir ungmenni í 8. – 10. bekk.



Fundi slitið kl. 14:30  
Ráðhúsinu

Næsti fundur: þriðjud. 16. apríl kl.13:30 í